

## ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN

FIMMTUDAGINN 10. JÚNÍ 2021 KL. 17:15 Í

HÖFUÐSTÖÐVUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19, 105  
REYKJAVÍK.



**Frjálsi**  
lífeyrissjóðurinn

Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún lagði til að Gestur Jónsson hrl. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykka sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. Fundarstjóri hvatti sjóðfélaga til að virða sóttvarnarreglur sem væru í heiðri hafðar á fundinum. Bent var á að öll fundargögn væru á vefsíðu sjóðsins. Vakin var athygli á að fundinum væri streymt. Í Frjálsa eru skráðir 63.232 sjóðfélagar og er heildaratkvæðamagn þeirra 358.503.830.469. Á fundinn var mætt af hálfu 171 sjóðfélaga sem fóru með 7.125.920.804 atkvæða eða 2% heildaratkvæða.

### 1. Skýrsla stjórnar (ávarp Ásdísar)

**Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður**

**Ávarp stjórnarformanns**

**Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundarmenn**

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll velkomin á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins bæði ykkur sem hér sitjið og þau sem fylgjast með í streymi. Í fyrsta sinn í sögu Frjálsa gefst sjóðfélögum tækifæri á að fylgjast með ársfundi sjóðsins í gegnum streymi og er það liður í hægri en öruggri þróun í að auka stafræna þjónustu við sjóðfélaga. Það er von okkar að þetta mælist vel fyrir.

Undirbúningur fyrir rafrænar kosningar aðalmanna í stjórn hefur staðið yfir frá síðasta hausti en heimildarákvæði um rafrænar kosningar eru í samþykktum sjóðsins. Sú lausn sem stjórn valdi bauð upp á möguleika á rafrænum kosningum sem stæðu yfir í viku fyrir fund og síðan skriflegar kosningar á fundinum. Mikill tími hefur farið í að skoða og velja þá lausn sem öruggust þykir þar sem atkvæði sjóðfélaga fer eftir inneign en ekki ein kennitala eitt atkvæði. Þar sem sjálfkjörið er í stjórn kemur ekki til neinna rafræna kosninga á þessum ársfundi þar sem samþykktir eins og þær eru í dag leyfa eingöngu rafræna kosningu á aðalmönnum.

**Árið í skugga COVID-19**

Heimsfaraldur COVID-19 ásamt þeim takmörkunum og óvissu sem honum fylgdu einkenndu árið 2020.

Í rúmlega 15 mánuði hefur heimsbyggðin glímt við áhrif og afleiðingar af COVID-19 faraldrinum. Vonandi erum við farin að sjá fyrir endann á þessu langa ferli en enn eiga eftir að koma í ljós langtímaáhrif veirunnar, ekki bara á samfélög heimsins heldur einnig fjármálamarkaði og hagkerfi landa.

### **Ávöxtun**

Faraldurinn hafði áhrif á fjármála- og verðbréfamarkaði þar sem miklar sveiflur voru á ávöxtun og veruleg lækkun varð á hlutabréfamörkuðum, innlendum sem og erlendum, á fyrsta ársfjórðungi 2020 en mikil hækkun varð svo seinni hluta árs. Þegar litið er á árið í heild þá skiluðu verðbréfmakkaðir fjárfestum almennt góðri ávöxtun. Nafnávöxtun fjárfestingarleiða sjóðsins var á bilinu 7,4% til 15,1% á árinu sem samsvarar 3,8% til 11,2% raunávöxtun. Annað árið í röð voru erlend hlutabréf sá eignaflokkur hjá Frjálsa sem gerði best. Þær leiðir sem eru með mest vægi í hlutabréfum, Frjálsi áhætta og Frjálsi 1, skiluðu því hæstri ávöxtun á árinu.

Við samanburð á ávöxtun ber að hafa í huga að ólíkar fjárfestingastefnur gilda fyrir einstakar fjárfestingaleiðir en sjóðfélagar hafa val um hvaða leið þeir velja. Í kynningu ársreiknings hér á eftir verður nánar farið yfir sögulega ávöxtun sjóðsins og ávöxtun það sem af er ári ásamt lykiltölum.

### **Hrein eign og stækkun**

Sjóðfélagar Frjálsa eru rúmlega 62.200 og fjölgaði þeim um rúmlega 2.000 á árinu 2020. Stærð sjóðsins um áramót var 335 miljarðar og jukust eignir hans um 50 miljarða á milli ára. Árið 2020 greiddu 22.515 sjóðfélagar um 21 milljarð í iðgjöld til sjóðsins. Frjálsi er 5. stærsti lífeyrissjóður landsins.

### **Fjárfestinga- og hluthafastefna**

Frjálsi hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum. Einnig hefur sjóðurinn sett sér hluthafastefnu sem markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar Frjálsa er hægt að kynna sér á heimasíðu sjóðsins.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett til langs tíma en endurskoðuð a.m.k. árlega. Erlendar fjárfestingar hafa verið auknar verulega síðustu ár. Frá afnámi gjaldeyrishafta árið 2016 hefur vægi erlendra fjárfestinga aukist jafnt og þétt og er það stefna stjórnar að svo verði áfram. Þess má geta að Frjálsi tók þátt í samkomulagi SÍ og lífeyrissjóða um að lífeyrissjóðir héldu að sér höndum við gjaldeyriskaup frá mars til september eða í 6 mánuði á síðasta ári.

## Sérhæfðar fjárfestingar

Frjálsi hefur um árabil fjárfest hluta af eignasafni sínu í sérhæfðum fjárfestingum. Sérhæfðar fjárfestingar fela oft í sér væntingar um góða ávöxtun en oft er áhættan að sama skapi heldur meiri en þegar fjárfest er t.d. í skráðum verðbréfum. Dæmi um sérhæfðar fjárfestingar eru framtaksfjárfestingar, fasteignafjárfestingar, fjárfestingar í innviðum og öðrum verkefnum.

Í dreifðu eignasafni er nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina, eða ávöxtun heildarsafnsins til lengri tíma. Á heimasíðu Frjálsa er að finna undir fréttir, upptalningu á sérhæfðum fjárfestingum Frjálsa, bæði innlendum og erlendum frá 2008 og hvernig ávöxtun einstakra eigna hefur verið. Stefnt er að því að upplýsingarnar séu uppfærðar árlega.

## Hækkandi meðalævi

Ein helsta áskorun sjóðsins er sú ánægjulega staðreynd að meðalævilengd þjóðarinnar fer hækkandi. Lenging á meðalævi þýðir að ellilífeyrir úr tryggingadeild, sem er greiddur til æviloka, er að meðaltali greiddur lengur til hvers sjóðfélaga og að öðru óbreyttu hækka skuldbindingar sjóðsins. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) samþykkti í desember 2020 nýjar dánar- og eftirlífendatöflur byggð á áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni. Áætlunin gerir ráð fyrir að fólki lifi að meðaltali lengur en gert er ráð fyrir í núverandi forsendum um lífslíkur sem byggjast á reynslu árána 2014-2018. Ef fjármálaráðuneytið innleiðir hinar nýju töflur í reglugerð þá munu skuldbindingar tryggingadeildar hækka og gera má ráð fyrir að þær muni gilda við mat á skuldbindingum 31. desember 2021.

FÍT leggur til að mótvægisáðgerðir lífeyrissjóða vegna hækkandi skuldbindinga verði svipaðar þeim sem voru kynntar á árinu 2016 en þá var fyrirhuguðum breytingum frestað. Hugmyndirnar fela í sér að viðmiðunarlíkur ellilífeyrisréttinda verði hækkaður í skrefum. Áfram verði þó hægt að flýta eða fresta töku lífeyris og því verði lífeyristökualdur sveigjanlegur líkt og nú er. Markmið þessara mótvægisáðgerða er fyrst og fremst að draga úr hækkuðum skuldbindingum vegna hækkandi meðalævi. Færa má rök fyrir því að eðlilegt sé að við þessar breytingar hækki viðmiðunarlíkur ellilífeyris þannig að greiðslutími ellilífeyris verði svipaður að lengd hjá öllum árgöngum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn ákvað á sínum tíma, einn fátta lífeyrissjóða, að bjóða upp á að skylduiðgjaldi yrði ráðstafað að hluta til frjálsrar séreignar sem er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Tillögur FÍT munu ekki hafa áhrif á útgreiðslur frjálsrar séreignar. Nánar á eftir að útfæra mótvægisáðgerðir FÍT en verði þær innleiddar af lífeyrissjóðum þá þarf að breyta samþykktum Frjálsa á aukaársfundi síðar á árinu 2021.

## Sjóðfélagalán

Sjóðfélagalán Frjálsa jukust verulega á milli ára. Afgreidd voru rúmlega 600 lán að fjárhæð tæplega 15 milljarðar kr. Töluvert var um uppgreiðslur eldri lána á árinu og nam heildarfjárhæð þeirra 13,4

milljörðum kr. Af nýjum lánum voru 86% óverðtryggð og 14% verðtryggð. Hámarksfjárhæð einstaklinga var hækkuð á árinu úr 20 milljónum í 40 milljónir og er nú hámarkslán jafnt fyrir hjón eða sambúðarmaka.

Sem fyrr geta sjóðfélagar tekið verðtryggð lán með föstum vöxtum og óverðtryggð lán til endurfjármögnunar eða í öðrum tilgangi en að fjármagna kaup eða byggingu á íbúðarhúsnæði. Þessi breyting hefur mælst vel fyrir og kappkostar sjóðurinn að vera með samkeppnishæfa vexti á lánunum.

### **Aukið gegnsæi og upplýsingagjöf**

Sú vegferð að skerpa á sjálfstæði Frjálsa og að auka gegnsæi við rekstur sjóðsins er viðvarandi verkefni sem hófst fyrir allnokkru. Við leggjum áherslu á aukna og betri upplýsingagjöf til sjóðfélaga og á heimasíðu sjóðsins má finna ýmsar upplýsingar eins og til dæmis rekstrarsamning sjóðsins við rekstraraðilann Arion banka og framkvæmd hluthafastefnu sem sýnir hvernig sjóðurinn greiðir atkvæði á hlutafafundum skráðra félaga. Bætt var við upplýsingum um veltu sjóðsins, viðskipti við verðbréfamiðlanir, fjárfestingar tengdar rekstraraðila og þróun kostnaðarhlutfalls sjóðsins.

Með aukinni upplýsingagjöf verðum við vör við aukinn áhuga, þekkingu og vitund hjá sjóðfélögum sem er fagnaðarefni. Við leggjum okkur fram um að á heimasíðunni sé að finna allar þær upplýsingar sem koma rekstri lífeyrissjóðs við. Það er von Frjálsa að þessar viðbætur mælist vel fyrir hjá sjóðfélögum og að upplýsingarnar komi að góðum notum.

### **Samþykktarbreytingar**

Fyrir fundinum liggja tillögur um samþykktarbreytingar frá stjórn.

Flestar þeirra gefa stjórn möguleika á að auka vægi rafrænna kosninga á aðalmönnum og varamönnum, fyrir og eftir ársfund sem og heimild til rafrænna kosninga um þá liði sem kosið er um samkvæmt dagskrá ársfundar. Þá er einnig breytingartillaga þar sem stjórn verður heimilt að skipa kjörnefnd sem skal annast framkvæmd stjórnarkjörs. Nánar verður farið í samþykktarbreytingar hér á eftir sem og rökstuðning fyrir þeim.

### **Stafræn þróun**

Framtíðarsýn Frjálsa er að vera einn af öflugustu lífeyrissjóðum landsins, fremstur í ávöxtun, þjónustu og í stafrænni forystu. Með stafrænni forystu er átt við að Frjálsi sé leiðandi í að beita stafrænum lausnum í margvíslegri þjónustu og samskiptum. Þegar Covid stóð sem hæst kom í ljós að flest úrlausnarefni og samskipti er hægt að leysa rafrænt með notendavænum hætti sem gerir sjóðnum kleift að sníða þjónustu og upplýsingagjöf sífellt betur að einstaklingum. Stórt skref í þá átt að nálgast sjóðfélaga með einföldum og auðveldum hætti var stigið þegar Frjálsi fór í Arion banka appið. Með því er sjóðfélögum gert auðvelt að fylgjast með séreignarsparnaði og samtryggingarréttindum sínum og

að framkvæma helstu aðgerðir á einfaldan og fljótlegan hátt. Síðast en ekki síst þá er appið frábær leið til að hafa heildstæða yfirsýn yfir lífeyrissparnað hjá Frjálsa á einfaldan og skýran hátt. Rétt er að nefna að sjóðfélagar þurfa ekki að vera í viðskiptum hjá Arion banka til að geta haft aðgang að Frjálsa í appinu.

### **Lífeyrissjóðafrumvarp stjórnvalda**

Ekki veitir af, eitt af því sem hefur þótt ámælisvert við lífeyriskerfið er hversu flókið það er. Aukið flækjustig torveldar fólki að skilja lífeyriskerfið, gerir sjóðfélögum erfiðara um vik að taka ákvarðanir um ráðstöfun og útgreiðslur sparnaðar, skaðar ímynd lífeyriskerfisins og dregur almennt úr áhuga fólks á lífeyrissparnaði, en þetta eru meðal athugasemda Frjálsa við frumvarp sem var lagt fram á Alþingi í apríl s.l. um breytingar á lögum um lífeyrissjóði.

Með frumvarpinu eru lagðar til mestu breytingar á lögum um lífeyrissjóði frá því að núverandi lög voru samþykkt árið 1997. Ef frumvarpið verður að lögum mun meðal annars fyrirkomulagi lífeyrisréttinda tuga þúsunda sjóðfélaga raskað, útborgunarreglur á hluta séreignarsparnaðar þrengjast og flækjustig eykst. Eins og frumvarpið er lagt fram þá eru algjörlega virtar að vettugi athugasemdir meirihluta hagsmunaaðila, sem lögðu fram umsagnir við frumvarpsdrögin árið 2019. Í þessum athugasemdum bentu þeir á að hinum nýju lagaákvæðum fylgdu aukið flækjustig, dýrara lífeyriskerfi og skerðing á valfrelsi sjóðfélaga.

Frjálsi lagði til í athugasemdum sínum meðal annars til að lögfestingu frumvarpsins verði frestað og efni þess tekið fyrir í fyrirhugaðri vinnu stjórnvalda við grænbók um lífeyriskerfið en stjórnvöld hafa boðað að hefja stefnumörkun í lífeyrismálum í nánu samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og Landssamtök lífeyrissjóða. Stefnt er að því að afrakstur þess samstarfs verði grænbók um lífeyrismál. Nú eru fáir dagar eftir af þinginu fyrir sumarleyfi en ekki liggur ljóst fyrir hver afdrif frumvarpsins verða.

### **Útvistun reksturs**

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá stofnun 1978 barist fyrir valfrelsi almennings í lífeyrismálum og verið öllum opin sem séreignarsjóður og opin valkostur fyrir þá sem búa við það frelsi að geta valið sér lífeyrissjóð til að greiða skylduiðgjöld í. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í rekstri hjá fjármálafyrirtæki. Það er mat stjórnar að rekstrarfyrirkomulag sjóðsins hafi átt stóran þátt í þeirri velgengi sem sjóðurinn hefur notið allt frá stofnun.

Hinsvegar er það einnig mat stjórnar að mikilvægt sé að á því liggi enginn vafi að sjóðurinn sé sjálfstæður og samband hans við rekstraraðila sé aðeins byggt á faglegum grunni til þess föllnum að tryggja hagsmuni sjóðfélaga framar öllu öðru. Þær breytingar sem stjórn hefur farið í á liðnu ári eru gerðar í þeim tilgangi að gera góðan sjóð enn betri. Rekstrarsamningur sjóðsins er í sífelltri skoðun með það að markmiði að hagræða, auka þjónustu og lækka kostnað. Stjórn Frjálsa og Arion banki

sömdu um að umsýsluþóknun sjóðsins til Arion banka lækki um 1,5 punkt frá byrjun árs 2020 eða úr 0,11% í 0,095% af hreinni eign sjóðsins. En til viðbótar greiðir sjóðurinn fasta þóknun sem er bundinn vísitölu fjármála- og váttryggingastarfsemi.

Umsýsluþóknun sjóðsins var 0,20% af hreinni meðaleign sjóðsins á árinu 2020 og lækkaði um 0,04 prósentustig á milli ára þrátt fyrir óvæntar aðgerðir sem kölluðu á útgjöld vegna ráðstafana við COVID-19. Viðbótarrekstrarkostnað vegna þess þurfti Frjálsi lífeyrissjóðurinn ekki að bera þar sem hann er innifalinn í umsýsluþóknun sjóðsins.

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði oftari ef verkefni eru brýn ásamt því að sækja sér fræðslu um einstaka málefni jafnt og þétt.

Góðir fundargestir, mig langar að þakka ykkur traustið sem þið hafa sýnt sjóðnum í gegnum tíðina. Það er von mín að sá friður sem hefur verið í kringum sjóðinn síðasta ár og nú í aðdraganda ársfundar sé merki um að sjóðfélagar séu sáttir við störf okkar og líði vel með lífeyrissparnað sinn hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum sem stendur fyrir frelsi, frelsi til að vera sjóðfélagi í sjóðnum, frelsi til að ráðstafa lífeyrissparnaði sínum milli samtryggingar og séreignar, frelsi til að velja fjárfestingaleið og frelsi til að fara úr sjóðnum.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári, framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni fyrir samstarfið og starfsfólki Arion banka sem vinnur að heilindum fyrir sjóðinn þakka ég ánægjulegt og gefandi samstarf. Einnig vil ég nota þetta tækifæri og færa meðstjórnarmönnum mínum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

## 2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa og Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, kynntu ársreikning Frjálsa 2020.

Arnaldur kynnti stuttlega nýjung hjá Frjálsa, Appið. Þar er m.a. hægt að stofna viðbótar- og skyldusparnað. Hægt er að fylgjast með stöðu og tilkynna nýjan launagreiðanda.

Arnaldur fór yfir breytingu á hreinni eign 2020 og bar saman við hreina eign 2019. Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá Frjálsa í heild var 334.611 milljónir. Farið var yfir stærð Frjálsa síðustu 20 árin og vöxt stærstu lífeyrissjóða á árinu 2020, Frjálsi var með næst stærsta vöxtinn á árinu. Frjálsi óx um 17,6% á árinu 2020. Fjöldi greiðandi sjóðfélaga 2020 var 22.374, en heildarfjöldi sjóðfélaga á árinu 2020 var 62.119.

Arnaldur fór yfir þróun lífeyris frá árunum 2016 til 2020 og fjölda lífeyrisþega á hverju ári. Fjöldi þeirra sem komst á lífeyri jókst, þar er þó ekki tekið með fyrirframgreiðsla vegna Covid úrræða. Um tæplega 1000 sjóðfélagar nýttu sér það úrræði. Stjórnvöld hafa framlengt það úrræði.

Arnaldur fór yfir sundurliðun á kostnaði, rekstrarkostnaði og beinum fjárfestingargjöldum. Umsýslubóknun hækkaði um 0,5%, sem er hlutfallsleg lækkun á milli ára því samið var um nýja þóknun við Arion banka á árinu 2020. Annar rekstrarkostnaður var um 130 milljónir.

Arnaldur kynnti veltu sjóðsins, tryggingafræðilega stöðu og þróun á hreinni eign það sem af var árinu 2021. Arnaldur þakkaði stjórn fyrir starfsárið, og þakkaði starfsfólki rekstraraðila fyrir frábær störf í þágu sjóðsins.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins. Hjörleifur fór yfir þróun markaða 2020, hann sagði að á fyrsta fjórðungi 2020 hefðu áhrif Covid hressilega látið á sér kræla, krónan veiktist nokkuð, hlutabréfin lækkuðu umtalsvert eða um og yfir 25% hérlandis og erlendir markaðir um og yfir 30%. Verulegur viðsnúningur varð svo í lok árs, ársverðbólga nam um 3,6%.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun fjárfestingaleiðanna til lengri tíma, sem var frá 3.8% til 15.1%.

Hjörleifur fór yfir helstu eignaflokka og áhrif þeirra til ávöxtunar sjóðsins. Hann fór yfir ávöxtun allra leiða Frjálsa og niðurbrot ávöxtunar 2020. Farið var yfir sundurliðun innlendra skulda- og hlutabréfa, sem og sundurliðun erlendra verðbréfa. Farið var yfir yfirlit um sérhæfðar fjárfestingar, hagnað og tap. Hjörleifur minntist sérstaklega á að uppbygging ætti sér stað í eignafloknum erlendar sérhæfðar fjárfestingar og væri vegferð að núverandi markmiði um hálfnuð. Hjörleifur benti á frétt á frjálsi.is um árangur sérhæfðra fjárfestinga Frjálsa. Að lokum fór Hjörleifur yfir ávöxtun og þróun markaða það sem af er árinu 2021.

Orðið var gefið laust, sjóðfélagi kom í pontu.

Yngvi Óttarsson lýsti yfir ánægju með að fundinum væri streymt og að boðið hefði verið upp á rafrænar kosningar Yngvi lýsti yfir óánægju með að málfrelsi hans væri heft eins og á síðasta ársfundi þar sem honum væri meinað af ritara rekstraraðila að nota glærur til stuðnings kynningu sinni. Hann óskaði eftir að stjórnarformaður svari hvað rekstraraðilinn sé að ráðskast með framkvæmd ársfundarins og mótmælti harðlega tilraunum rekstraraðila og stjórnar sjóðsins að þagga með þessum hætti niður í sjóðfélögum, eigendum sjóðsins. Hann sagði þessa framkomu ekki boðlega við sjóðfélaga og að rök um að fá glærurnar nokkrum dögum fyrir fund til að geta undirbúið svör ekki halda vanta. Með sömu rökum ætti þá að gera kröfu um að öll munnleg innlegg sjóðfélaga á fundinum verði lögð fram einhverjum dögum fyrir fund. Hann skoraði á þá sem fyrir þessu stæðu að láta af þessum

þöggunartilraunum án tafar. Yngvi spurði stjórnarformann hvernig hún rökstyðji það að skerða með þessum hætti málfrelsi sjóðfélaga á ársfundi sjóðsins.

-----  
Yngvi sagði að þó reynt sé að hefta tjáningarfrelsi hans þá muni hann gera sitt besta til að koma upplýsingum á framfæri til fundarins og vísaði til glæra á Facebook síðunni Frelsum Frjálsa.

Yngvi sagðist vilja bera saman Frjálsa við Almenna lífeyrissjóðinn og Lífeyrissjóð verzlunarmanna til að varpa ljósi á hvort Frjálsi standi þeim framar og ef ekki hvort efni væri fyrir stjórnendur Frjálsa að gera betur. Yngvi sagðist bera saman sameignardeildir sjóðanna og gaf sér að þær væru í eðli sínu sambærilegar þar sem væri ein deild, óháð aldri eða áhættusækni þeirra. Öðru máli gildi um séreignadeildir sem hefðu mjög mismunandi áhættusækni, oft tengt aldri sjóðfélaga. Yngvi sagði að samanburðurinn sýndi að raunávöxtun sameignardeildar Frjálsa 2020 hafi verið 7,7%, Almenna 8,2% og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 11%. Síðustu þrjú ár væri meðalraunávöxtun Frjálsa 6,3%, Almenna 6,9% og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 9,4%. Yngvi sagði að verkefni starfsmanna sjóðsins og rekstraraðila að gera betur því Frjálsi ræki lestina í samanburðinum og hvatti þá til að skoða hvað gera þurfi betur svo sjóðurinn standist hinum tveimur snúning þegar kæmi að ávöxtun sameignardeildar. Yngvi kynnti næst samanburð á kostnaðarhlutfalli sjóðanna síðustu þrjú árin. Hann sagði að kostnaðarhlutfall Frjálsa 2020 hafi verið 0,50%, Almenna 0,45% og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 0,41%. Frjálsi væri því með 10% hærri kostnað en Almenni og rúmlega 20% hærri kostnað en Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Þó væri jákvætt að munurinn hefði minnkað frá árunum 2018 og 2019. Hann sagði að starfsmenn og stjórn ættu að leggja metnað sinn í að reka framúrskarandi sjóð, sem nær bestu ávöxtun með sem hagkvæmustum hætti. Yngvi sagði að sá munur sem væri á rekstrarkostnaði á milli sjóðanna skýri aðeins lítinn hluta af þeim mun á raunávöxtun sameignardeilda sjóðanna sem áður var rakinn. Þannig skýri rekstrarkostnaðarmunurinn aðeins einn tíunda af lægri ávöxtun sameignardeildar Frjálsa miðað við Almenna á árinu 2020 og gagnvart Lífeyrissjóði verzlunarmanna skýri rekstrarkostnaðarmunurinn aðeins tæplega 0,1% prósentustig af þeim 3,3% prósentustigum sem Lífeyrissjóður verzlunarmanna hafi umfram Frjálsa þegar komi að raunávöxtun sameignardeildar 2020.

Afganginn af því sem upp á vanti í ávöxtun Frjálsa skýrist því af lakari árangri Frjálsa í stýringu eigna en í sameignardeildum hinna tveggja sjóðanna.

Yngvi sagði að Frjálsi hefði síðustu árin velt eignasafninu fjórfalt meira en Lífeyrissjóður verzlunarmanna, og ca tvöfalt meira en Almenni. Þessi miklu kaup og sala Frjálsa umfram hina sjóðina hefðu ekki skilað betri ávöxtun. Yngvi óskaði eftir að framkvæmdastjóri svaraði hvers vegna Frjálsi velti safninu síðustu þrjú árin að jafnaði fjórfalt á við Lífeyrissjóð verzlunarmanna og tvöfalt á við Almenna.



Að lokum ítrekaði Yngvi hvatningu til sjóðsins um að vinna hörðum höndum að því að samanburður við aðra sjóði verði sjóðfélögum Frjálsa hagstæður til að draga úr gagnrýni á sjóðinn.

Svör við fyrirspurn:

Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður, svaraði um framkvæmd ársfundar. Hún sagði að sama regla gildi og í fyrra, að óski sjóðfélagi eftir því að vera með glærुकynningu eða bera upp mál, skuli slíkt stuðningsefni sendast til framkvæmdastjóra tímanlega þ.e.a.s. ekki síðar en fimm virkum dögum fyrir ársfund. Ástæðan fyrir því að starfsmaður Arion banki hafi svarað Yngva væri sú að framkvæmdastjórinn fól starfsmanninum að svara póstinum. Ásdís tók fram að sjóðurinn verði að fara eftir þeim reglum sem hafa verið settar, annars væri enginn tilgangur með þeim.

Varðandi seinni spurninguna sem var beint að henni sagði Ásdís að ekki væri verið að skerða með þessum hætti málfrelsi sjóðfélaga. Fólk gæti kynnt sér þessar reglur á heimasíðu sjóðsins og þær væru óbreyttar frá því í fyrra.

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa, ítrekaði það sem Ásdís sagði. Hann fól lögfræðingi rekstraraðila að svara erindi Yngva og fór yfir svarið með starfsmanni rekstraraðila. Hann þurfi á aðstoð að halda við að eiga samskipti við sjóðfélaga þar sem hann sé eini starfsmaður sjóðsins. Arnaldur sagði að sér þætti það miður að glærur Yngva hafi aftur borist of seint eins og í gerðist hjá honum í fyrra. Arnaldur hvatti Yngva til að senda glæurnar tímanlega næst. Spurningar hans væru í grunninn þær sömu og komu fram á ársfundi sjóðsins í fyrra. Svör við þeim væru því sambærileg og í fyrra. Arnaldur sagði að hafa þurfi í huga í svona samanburði á milli lífeyrissjóða sem Yngvi kynnti að lífeyrissjóðir eru með mismunandi uppbyggingu, Frjálsi hefur frá 1999 verið með þá uppbyggingu að hluti af skylduiðgjaldi fer í samtryggingu og hluti í séreign. Af eignum Frjálsa væru um 30% af eignum Frjálsa í samtryggingu en um 70% í séreign sem þýðir að að meðaltali eiga sjóðfélagar lífeyrissparnað sinn í Frjálsa í séreign og samtryggingu í sömu hlutföllum. Samanburður Yngva væri bara um þennan 30% hlut sem er í samtryggingardeild. Stjórnin hefði verið með mjög varfærna fjárfestingarstefnu í samtryggingardeildinni í gegnum árin einmitt vegna þessarar samsetningar, þ.e. hátt vægi skuldabréfa og lágt vægi hlutabréfa. Arnaldur sagði að stefnan hefði verið varfærin því markmið tryggingadeildar væri að viðhalda áunnum réttindum sjóðfélaga, en svo væri val hjá sjóðfélögum að velja áhættumeiri leiðir og fá þá hærri ávöxtun á þeim hluta sem rennur í séreign. Þetta hefði tekist býsna vel og ekki hafi þurft að skerða réttindi nema eftir hrúnið, þá um 9% sem var mun minna en samkeppnisaðilar þurftu að gera. Arnaldur sagði að hafa þurfi í huga að fjárfestingarstefnur væru mismunandi, . Sem dæmi þá væri samtrygging Frjálsa með 64% af eignum í skuldabréfum en hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna 44% og Almenna 50%. Þetta skýri að mestu ástæðuna fyrir því að ávöxtun sé hærri hjá þeim, því að á þessu

þriggja ára tímabili hafi hlutabréfamarkaðurinn gefið mjög góða ávöxtun. Nú ef að sjóðfélagar væru ósáttir við að tryggingadeildin sé með varfærna stefnu og gefi lægri ávöxtun þá geti sjóðfélagar skipt um sjóð. Arnaldur fór yfir samanburð Frjálsa við aðra samtryggingasjóði og bentu á samanburð á ávöxtun lífeyrissjóða á vefsíðu Landsamtaka lífeyrissjóða <https://www.lifeyrismal.is/>, og nefndi að þriggja ára samanburður væri mjög stutt tímabil til samanburðar því lífeyrissparnaður væri í eðli sínu langtímasparnaður.

Arnaldur fór einnig yfir veltu Frjálsa árið 2020, það væri í sjálfu sér ekkert markmið að hafa hana háa eða lága. Öll velta hefði það markmið að skila ávöxtun. Það geti verið margar ástæður fyrir hárri veltu eins og hlutfallslegt innflæði. Það sé hærra í Frjálsa en Lífeyrissjóði verzlunarmanna, einnig gæti skýringin verið meiri breyting á fjárfestingarstefnu en hjá hinum lífeyrissjóðunum. Arnaldur fór yfir sundurliðun á rekstrarkostnaði og beinum fjárfestingargjöldum Frjálsa. Kostnaður vegna veltu var um 25 milljónir á árinu, sem samsvaraði 0,008% af meðaleignum sjóðsins. En þegar fjárfest væri í sjóðum þá greiði sjóðurinn ekki þóknun við inngöngu í sjóðinn, það er síðan kostnaður við rekstur sjóðanna sem kemur fram í óbeinu fjárfestingargjöldunum. Arnaldur sagði að kostnaðarhlutfall sjóðsins hefði lækkað frá árinu í fyrra úr 0,30% í 0,26% sem er lægra hlutfall en hjá Almenna en hærra en hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, sem er þó varla samanburðahæft því hann væri svo miklu stærri sjóður en Frjálsi.

### **3. Kosning stjórnar og varamanna**

Sjálfkjörið var í aðalstjórn og varastjórn. Fundarstjóri kynnti stuttlega þá stjórnarmenn sem í kjöri voru og óskaði þeim velfarnaðar í sínum störfum. Sjálfkjörnir í aðalstjórn til þriggja ára voru Ásdís Eva Hannesdóttir framkvæmdastjóri Norræna félagsins og Magnús Pálmi Skúlason lögmaður hjá Lögskiptum ehf. Sjálfkjörnir í varastjórn voru Sigurður H. Ingimarsson, sérfræðingur á greiningarsviði skattrannsóknarstjóra og Ingi Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Karolina Fund. Fundarstjóri tók fram að Sigurður hefði óskað eftir því að fylla sæti Hrafns Árnasonar sem sagði af sér í maí sl. og var því kjörinn til eins árs en Ingi Rafn til þriggja ára.

### **4. Tryggingafræðileg athugun**

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar á tryggingadeild sjóðsins m.v. 31.12.2020. Bjarni fór yfir forsendur athugunarinnar. Helstu forsendur útreikningsins væru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefi út, nr. 391/1998. Mikilvægustu forsendur séu um vexti og lífslíkur. Sé talið að aðrar forsendur en staðalforsendur eigi

betur við í viðkomandi sjóði er tryggingafræðingi heimilt að nota aðrar forsendur. Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn sé vikið frá staðalforsendum með lækkun örorkutíðni, notað 59% af meðalreynslu lífeyrissjóða fyrir karla og 66% fyrir konur. Vænt niðurstaða væri metin með tölfræðilegum líkönum.

Í máli Bjarna kom fram að allar reiknisforsendur væru óbreyttar frá fyrra ári. Lífslíkur væru byggðar á reynslu lífeyrissjóða 2014-2018 og gert væri ráð fyrir að raunávöxtun væri 3,5% á ári. Niðurstaðan athugunarinnar var sú að áunnin staða Frjálsa var í 7,2%, framtíðarstaða var -3,3% og heildarstaða var 1,5% og batnaði frá árinu á undan.

Bjarni fór yfir hver staðan yrði ef miðað væri við spá um breytingu á lífslíkum. Áunna staðan yrði neikvæð um 2,3%, framtíðarstaðan neikvæð um 17,9% og heildarstaðan neikvæð um 11,1%. Ljóst væri að grípa þyrfti til mótvægisáðgerða með breytingum á samþykktum sjóðsins til að rétta af tryggingafræðilegu stöðuna.

## 5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2021. Hjörleifur fór yfir áherslubreytingar stjórnar á milli ára í fjárfestingarleiðum Frjálsa. Fjárfestingarstefna stýri gengi sjóðsins. Hjörleifur hvatti sjóðfélaga til að fara inn á heimasíðu Frjálsa og kynna sér fjárfestingarstefnuna.

Í máli Hjörleifs kom fram að hlutfall erlendra fjárfestinga hafi verið aukið í stefnunni líkt og á síðasta ári og fjölbreytni erlendra eigna aukist enn frekar. Vægi sérhæfðra erlendra fjárfestinga hafi jafnframt verið aukið en vægi innlendra hlutabréfa væri að mestu óbreytt auk vægi óskráðra innlendra fjárfestinga. Dregið hafi verið úr vægi innlendra skuldabréfa þ.m.t. vægi ríkisskuldabréfa og sértryggðra skuldabréfa. Hjörleifur sagði að aukin áhersla væri á skuldabréf sveitarfélaga og skuldabréf traustra fyrirtækja og vikmörk aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar.

Hjörleifur fór yfir fjárfestingarstefnu Frjálsa í erlendum eignum leiðanna og að lokum talaði hann um stefnu um ábyrgar fjárfestingar, horft væri til þriggja grunnþátta. Umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Hluti af grunngildum sjóðsins væri að félög fari að þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

## 6. Kjör endurskoðanda

Samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa tillögur um endurskoðanda að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Tillaga var gerð um KPMG sem endurskoðanda sjóðsins. Engar aðrar tillögur bárust og er KPMG því sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins.

## 7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Sonja Guðlaugsdóttir ritari stjórnar sjóðsins kynnti eftirfarandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum stjórnar og fór yfir rökstuðning þeirra.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

---

# I. Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins

## 1. Breyting á stjórnarkjöri og samsetningu stjórnar

### Breyting á grein 4.1.

#### Breytingartillaga 1.a (rafræn kosning varamanna)

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjá aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn af sjóðfélögum á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn. Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.

#### Breytingartillaga 1.b - ný grein 4.2. (rafræn kosning stjórnarmanna)

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjá aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn. ~~Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.~~

4.2 Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess þá getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.

#### Breytingartillaga 1.c (kynjahlutföll)

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjá aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn. Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi. Í samræmi við 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Úrslit í stjórnarkosningu víkja fyrir kynjareglunni.

#### Breytingartillaga 1.d – ný 2. mgr. 4.1. gr. (meirihlutakosning)

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef sjóðfélagi kýs einn frambjóðanda fara öll atkvæði sjóðfélagsins til þess frambjóðanda. Kjósi sjóðfélagi fleiri frambjóðendur fá þeir einnig öll atkvæði sjóðfélagsins.

Breytingartillaga 1.e – ný 3. mgr. 4.1. gr. (kjörnefnd)

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa kjörnefnd sem skal annast framkvæmd stjórnarkjörs. Stjórn skal þá setja henni starfsreglur þar sem nánar greinir um samsetningu nefndarinnar og störf sem nefndin skal sinna í tengslum við framkvæmd kosninga.

Verði breytingartillögur 1.a – 1.e. samþykktar verða greinar 4.1. og hin nýja 4.2. svohljóðandi:

4.1. *Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjú aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn af sjóðfélögum til þriggja ára í senn. Í samræmi við 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Úrslit í stjórnarkosningu víkja fyrir kynjareglunni.*

*Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef sjóðfélagi kýs einn frambjóðanda fara öll atkvæði sjóðfélagsins til þess frambjóðanda. Kjósi sjóðfélagi fleiri frambjóðendur fá þeir einnig öll atkvæði sjóðfélagsins.*

*Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa kjörnefnd sem skal annast framkvæmd stjórnarkjörs. Stjórn skal þá setja henni starfsreglur þar sem nánar greinir um samsetningu nefndarinnar og störf sem nefndin skal sinna í tengslum við framkvæmd kosninga.*

4.2. *Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess þá getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar.*

#### **Rökstuðningur:**

Tillögurnar fela í sér breytingu á stjórnarkjöri. Í fyrsta lagi fela breytingarnar í sér að kjör á varamönnum til stjórnar geti verið rafrænt. Þá er efni greinarinnar varðandi rafrænt stjórnarkjör fært yfir í nýtt ákvæði, þ.e. grein 4.2. Ef breytingin verður samþykkt getur kosning átt sér stað fyrir og eftir ársfund sem og á fundinum, allt eftir því hvað ákjósanlegast er hverju sinni. Engin breyting er gerð á þeirri kröfu að þess skuli getið í fundarboði ef stjórnarkjör fara fram með rafrænum hætti og að tilgreina skuli reglur um rafræna atkvæðagreiðslu í fundarboðinu. Í þriðja lagi er lagt til nýtt ákvæði til upplýsinga fyrir sjóðfélaga um kynjahlutfall en framkvæmd sjóðsins hefur verið í samræmi við umrætt ákvæði 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 þar sem tryggt er að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Í fjórða lagi er lagt til að skýrt sé kveðið á um í samþykktunum að stjórnarmenn séu kosnir með meirihlutakosningu í samræmi við núverandi framkvæmd. Að lokum er lagt til að stjórn verði veitt heimild til að skipa kjörnefnd til að annast framkvæmd stjórnarkjörs og setja henni reglur, m.a. um samsetningu og störf nefndarinnar í tengslum við framkvæmd stjórnarkjörs.

Verði ný grein 4.2. samþykkt mun röðun eftirfarandi greina uppfærast samhliða (núverandi grein 4.2 verður grein 4.3 o.s.frv.).

## **2. Tilhögun ef aðalmaður hættir í stjórn, afturköllun umboðs o.fl.**

### **Breyting á grein 4.4.**

Breytingartillaga 2.a (tilhögun ef aðalmaður hættir í stjórn)

- 4.4. Hæfi stjórnarmanna skal vera í samræmi við 31. gr. laga nr. 129/1997. Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt sig úr stjórn. Uppfylli stjórnarmaður ekki lengur hæfisskilyrði til þess að vera í stjórn, skal honum skylt að víkja úr stjórninni og tilkynna stjórninni skriflega þar um. Víki stjórnarmaður úr stjórn áður en kjörtíma hans lýkur skal varamaður taka sætið og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtíma stjórnarmannsins. Sá varamaður tekur sætið sem lengst hefur setið samfellt sl. þrjú ár, þó að gætttri kröfu um kynjahlutföll stjórnar en þá skal sá varamaður taka sæti sem næstlengst hefur setið o.s.frv. Hafi varamenn setið jafnlengi sl. þrjú ár tekur sá varamaður sætið sem setið hefur lengst frá upphafi stjórnarsetu sinnar. Kjósa skal um sæti þess varamanns, sem tekur sæti í aðalstjórn, á næsta ársfundi til þess tíma sem eftir var af kjörtíma varamannsins þegar það á við.

Breytingartillaga 2.b - ný 2. mgr. 4.4. gr. (sjálfstæði stjórnarmanna og afturköllun umboðs)

Stjórnarmenn skulu taka sjálfstæðar ákvarðanir eftir eigin sannfæringu í hverju máli fyrir sig og starfa í samræmi við lög og reglur sem um lífeyrissjóði gilda, samþykktir sjóðsins og þær reglur sem stjórn sjóðsins hefur sett. Umboð kjörins stjórnarmanns verður ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur.

Verði breytingartillögur 2.a. og 2.b. samþykktar verður 4.4. gr. svohljóðandi:

- 4.4. *Hæfi stjórnarmanna skal vera í samræmi við 31. gr. laga nr. 129/1997. Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt sig úr stjórn. Uppfylli stjórnarmaður ekki lengur hæfisskilyrði til þess að vera í stjórn, skal honum skylt að víkja úr stjórninni og tilkynna stjórninni skriflega þar um. Víki stjórnarmaður úr stjórn áður en kjörtíma hans lýkur skal varamaður taka sætið og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtíma stjórnarmannsins. Sá varamaður tekur sætið sem lengst hefur setið samfellt sl. þrjú ár, þó að gætttri kröfu um kynjahlutföll stjórnar en þá skal sá varamaður taka sæti sem næstlengst hefur setið o.s.frv. Hafi varamenn setið jafnlengi sl. þrjú ár tekur sá varamaður sætið sem setið hefur lengst frá upphafi stjórnarsetu sinnar. Kjósa skal um sæti þess varamanns, sem tekur sæti í aðalstjórn, á næsta ársfundi til þess tíma sem eftir var af kjörtíma varamannsins þegar það á við.*

*Stjórnarmenn skulu taka sjálfstæðar ákvarðanir eftir eigin sannfæringu í hverju máli fyrir sig og starfa í samræmi við lög og reglur sem um lífeyrissjóði gilda, samþykktir sjóðsins og þær reglur sem stjórn sjóðsins hefur sett. Umboð kjörins stjórnarmanns verður ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur.*

#### **Rökstuðningur:**

Breytingartillaga 2.a felur í sér nánari útfærslu á því hvernig, í hvaða tilvikum og hversu lengi varamaður tekur sæti í stjórn ef aðalmaður stígur úr stjórn áður en kjörtímabili hans lýkur.

Breytingartillaga 2.b felur í sér ítrekun á sjálfstæði stjórnarmanna og að umboð kjörinna stjórnarmanna verði ekki afturkallað fyrir lok kjörtímabils.

### **3. Boðun ársfundar**

#### **Breyting á grein 5.1.**

- 5.1. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Rétt til setu á ársfundi eiga sjóðfélagar, stjórnarmenn sjóðsins og fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við. Stjórnin skal boða fundinn á sannanlegan hátt með að lágmarki fjögurra vikna fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar og rafræna atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum, eigi það við. Ársfundur er löglegur sé löglega

til hans boðað. Skytt er stjórninni að boða til aukaársfundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða ef sjóðfélagar sem að eiga samanlagt 10% af atkvæðamagni í sjóðnum krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Aukaársfund skal boða á sama hátt og ársfund. Um fundarsetu og atkvæðisrétt á aukaársfundum gilda sömu reglur og á ársfundi.

#### Rökstuðningur:

Breytingin felur í sér að hægt er að boða ársfund með meiri fresti en núverandi ákvæði gerir ráð fyrir.

### 4. Heimild til rafrænna umboða

#### Breyting á grein 5.3.

5.3. Ef sjóðfélagar geta ekki mætt á sjóðfélagafund geta þeir gefið öðrum umboð til að sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðið skal bundið við tiltekinn fund, þarf að vera skriflegt og þá vottfest af tveimur vitundarvottum eða undirritað með fullgildum rafrænum skilríkjum og bundið við tiltekin fund.

Verði breytingartillagan samþykkt, verður greinin svohljóðandi:

5.3. *Ef sjóðfélagar geta ekki mætt á sjóðfélagafund geta þeir gefið öðrum umboð til að sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðið skal bundið við tiltekinn fund, vera skriflegt og þá vottfest af tveimur vitundarvottum eða undirritað með fullgildum rafrænum skilríkjum.*

#### Rökstuðningur:

Breytingin er hluti af því ferli að bjóða upp á rafræn umboð fyrir ársfund sjóðsins.

### 5. Breyting á dagskrá ársfundar

#### Breyting á grein 5.4.3.

5.4.3. Kosning stjórnar og varamanna þeirra. Stjórnarkjör og/eða kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga, ef við á.

Verði breytingartillagan samþykkt, verður greinin svohljóðandi:

5.4.3. *Stjórnarkjör og/eða kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga, ef við á.*

#### Rökstuðningur:

Breytingin felur í sér aukin skýrleika í tengslum við rafrænt stjórnarkjör þar sem stjórnarkjör geta farið fram fyrir ársfund sjóðsins og niðurstöður kynntar á ársfundi.

#### Breyting á grein 5.4.6.

5.4.6. Kosning kjör-endurskoðanda. Tillögur um endurskoðanda þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

#### Rökstuðningur:

Breyting á orðanotkun í samræmi við nýja grein 5.5.

## 6. Rafrænar kosningar á endurskoðanda og launum stjórnarmanna

### Ný grein 5.5.

5.5. Stjórn er heimilt að ákveða að kosning um endurskoðanda og laun stjórnarmanna skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess þá getið í fundarboði ársfundar eða aukaársfundar. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu á endurskoðanda og launum stjórnarmanna.

### Rökstuðningur:

Lagt er til að stjórn hafi heimild til að ákveða rafrænar kosningar á endurskoðanda og stjórnarlaunum. Með þessari breytingu geta sjóðfélagar kosið rafrænt um öll helstu mál ársfundar í samræmi við stafræna þróun og með tilheyrandi hagræði.

Verði ný grein 5.5. samþykkt mun röðun eftirfarandi greina uppfærast samhliða (núverandi grein 5.5. verður grein 5.6. o.s.frv.)

## 7. Aðrar breytingartillögur

### Breyting á grein 7.3.

7.3. Ef að nýr sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur deild með ákveðinni fjárfestingarstefnu er hann sjálfkrafa settur í Ævilínu þar sem að iðgjöld og inneign færast á milli deilda eftir aldri og svo við fyrstu útgreiðslu án kostnaðar. Flutningur skv. Ævilínu fer þannig fram að inneignin er flutt á milli deilda í jöfnum áföngum á fimm árum með þeirri undantekningu að flutningur á inneign sjóðfélaga sem hefja útgreiðslu séreignarsparnaðar er framkvæmdur í heilu lagi. Iðgjöldum, sem berast eftir að flutningur inneignar á milli deilda er hafinn, er ráðstafað óskipt í þá deild sem inneign flyst í.

### Breytingar á grein 16.1.

16.1. Umsókn sjóðfélaga um greiðslu lífeyris skal vera skrifleg og gerð á því formi sem sjóðurinn vísar til hverju sinni.

Verði breytingartillagan samþykkt, verður greinin svohljóðandi:

*16.1. Umsókn sjóðfélaga um greiðslu lífeyris skal vera gerð á því formi sem sjóðurinn vísar til hverju sinni.*

### Rökstuðningur:

Breytingin á grein 7.3. eykur skýrleika á því hvernig fjárfestingarleiðin Ævilína virkar og er í samræmi við annað kynningarefni á leiðinni.

Breytingin á grein 16.1. er í samræmi við þá stefnu sjóðsins að bjóða upp á umsóknir á rafrænu formi.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá til að ræða tillögurnar

Jónas Fr. Jónsson kom með breytingartillögu við breytingartillögu stjórnar. Fyrst 1. b. Í máli hans kom fram að allt vald um rafrænar kosningar væri tekið frá sjóðfélögum og fært til stjórnarinnar. Engar lágmarkskröfur væru settar í samþykktirnar um atkvæðagreiðsluna, eða hvenær hún eigi að fara fram.



Ekki kæmi fram hvaða kröfur væru gerðar til auðkennis sjóðfélaga og fleira. Jónas lagði til að grein 1.b yrði felld.

Jónas kom með breytingartillögu á grein 1.d þar sem á að setja í samþykktirnar aðferð við kosningu. Þar lagði hann til svohljóðandi viðbót við tillögu stjórnar um meirihlutakosningu:

*„Viðhafa skal margfeldiskosningu ef ósk um slíkt kemur fram frá sjóðfélega innan tveggja daga fyrir upphaf kjörfundar. Margfeldiskosning fer þannig fram að gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má sjóðfélagi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga einstaklinga og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.“*

Jónas sagðist fagna því að sett væri ákvæði um kjörnefnd í tillögu 1.e. til að hafa umsjón með kjörinu en tillagan væri losaraleg. Í ákvæðið vanti hæfiskröfur til þeirra sem sitja í kjörnefnd og að setja þeim ramma. T.d. væri ekki eðlilegt að stjórnarmenn sitji í kjörnefnd, starfsmenn rekstraraðila eða starfsmenn sjóðsins. Jónas kynnti eftirfarandi breytingartillögu á tillögu 1.e.:

*„Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 31. desember ár hvert skipa þriggja manna kjörnefnd til að annast framkvæmd stjórnarkjörs fyrir komandi starfsár og innan sama frests setja reglur um störf kjörnefndar og framkvæmd kosninga. Kjörnefnd skal skipuð einstaklingum sem hafa góða þekkingu á reglum sem gilda um lífeyrissjóði og skulu ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn sjóðsins eða rekstraraðila né frambjóðaðendur til stjórnar eða varastjórnar á komandi ársfundi. Upplýsingar um skipun kjörnefndar og framangreindar reglur skal birta á vefsíðu sjóðsins.“*

Jónas lagði til að tillaga 2a. yrði felld. Ástæðan væri að það væri lagt til að ef aðalmaður segði sig úr stjórn þá gæti varamaður tekið sæti í aðalstjórn án þess að hafa verið kosinn í stjórn sem aðalmaður. Jónasi fannst óeðlilegt að varamaður sem tiki sæti aðalmanns í stjórn sitji út kjörtímabil aðalmannsins því hann hefði ekki verið kosinn sem aðalmaður. Eðlilegra væri að hann sitji aðeins til næsta ársfundar.

Tillaga 2b. Jónas sagði að tillaga stjórnar um að umboð stjórnarmanna væri ekki hægt að afturkalla væri vond þegar að menn væru kosnir til margra ára. Meginregla félagaréttar væri sú að sá sem kýs einhvern til stjórnar geti lýst vantrausti á hann því menn geti ekki setið í stjórn eftir að stjórnarmaður missi tiltrú hluthafa.

Jónas sagði að eftir að kom upp atvik í VR, þá gerðu ASÍ og Samtök atvinnulífsins, samkomulag þar sem tilnefningaraðila sé heimilt að afturkalla umboð stjórnarmanns á grundvelli laga og samþykpta lífeyrissjóðs.

Jónas sagði að í bréfi frá FME komi fram að stofnunin telji það brýnt að ákvæði um afturköllun umboða stjórnarmanna feli í sér hlutrænar efnisreglur sem gefi lítið svigrúm til túlkunar. Í því sambandi er m.a. hægt að hafa sambærileg sjónarmið og eru í 64 gr. hlutafélagalaganna. Hann gerði það að tillögu sinni að fella niður setningu í tillögu stjórnar 2.b. þar sem stendur að umboðið verði ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur.

Magnús Pálmi stjórnarmaður gerði grein fyrir breytingartillögu á 1.b. Hann sagði að inntak í þessum breytingum væri að auðvelda það hafa rafrænt stjórnarkjör og að nánari útlistun á framkvæmd þeirra ætti ekki heima í samþykktum sjóðsins heldur yrðu settar sérstakar reglur um framkvæmd kosninga.

Hlé var gert á fundinum svo stjórn sjóðsins gæti farið yfir breytingartillögur Jónasar.

Fundur hófst aftur.

Fundarstjóri fór nánar yfir tillögur Jónasar.

- Jónas gerði tillögu um að 1. b yrði ekki samþykkt. Til að fá samþykkt þarf hún að fá 2/3 atkvæða.
- Jónas leggi til um 1.d að áfram standi um meirihlutakosning en ef krafist sé margfeldis kosningar beri að láta framkvæma margfeldiskosningu.

Fundarstjóri sagði að stjórn drægi tilbaka tillögu stjórnar 1.d. um meirihlutakosningu. Fundarstjóri sagði að þar með félli niður breytingartillaga Jónasar á breytingartillögu stjórnar og ekki þyrfti að greiða atkvæði um hana.

Fundarstjóri las upp breytingartillögu Jónasar á tillögu stjórnar 1.e.:

*„Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 31. desember ár hvert skipa þriggja manna kjörnefnd til að annast framkvæmd stjórnarkjörs fyrir komandi starfsár og innan sama frests setja reglur um störf kjörnefndar og framkvæmd kosninga. Kjörnefnd skal skipuð einstaklingum sem hafa góða þekkingu á reglum sem gilda um lífeyrissjóði og skulu ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn sjóðsins eða rekstaraaðila né frambjóðendur til stjórnar eða varastjórnar á komandi ársfundi. Upplýsingar um skipun kjörnefndar og framangreindar reglur skal birta á vefsíðu sjóðsins.“*

Fundarstjóri sagði að um væri að ræða breytingartillögu á tillögu stjórnar sem þyrfti helming atkvæða til að verða að aðaltillögu sem þyrfti svo 2/3 til að fara inn í samþykktirnar.

Fundarstjóri sagði að Jónas legði til að breytingartillaga stjórnar 2.a yrði felld. Ekki væri um að ræða breytingartillögu.

Jónas lagði til breytingartillaga stjórnar 2.b verði breytt:

*Að fella niður setningu í 2.b. „ Umboð kjörins stjórnarmanns verður ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur.“*

Gengið var til kosninga á breytingartillögum á breytingartillögum, 1.e og 2.b. Fundarstjóri kynnti hvaða seðla ætti að nota. Þeir sem væru sammála breytingartillögum Jónasar merktu „já“ en þeir sem væru ósammála merktu „nei“.

Fundarstjóri sagði að gengið yrði til kosninga á báðum breytingartillögum Jónasar á tillögum stjórnar. Hlé var gert á fundinum á meðan að talning fór fram.

Niðurstaða:

Breytingartillaga á breytingartillögu 1.e á kosningarseðli nr. 1

- Já: 2.793.823.749 (41,3%)
- Nei: 3.896.878.465 (57,6%)

Ógild atkvæði 79.841.165

Breytingartillaga var því felld því hún fékk ekki yfir 50% atkvæða.

Breytingartillaga á breytingartillögu 2.b á kosningarseðli nr. 2

- Já: 2.798.216.944 (40,1%)
- Nei: 4.186.583.034 (59,9%)

Ógild atkvæði: 0

Breytingartillaga var því felld því hún fékk ekki yfir 50% atkvæða.

Atkvæðagreiðsla hélt áfram. Kosið var um fjórar breytingartillögur stjórnar skriflega, 1.b, 1.e, 2.a, og 2.b. Fundarstjóri fór yfir hverja tillögu fyrir sig og á hvaða atkvæðaseðli hver tillaga var á.

**Gert var hlé á fundinum á meðan á talningu stóð.**

Óskað var eftir að klára dagskrá fundarins á meðan á talningu stóð.

## **8. Laun stjórnarmanna**

### **Stjórnarlaun aðalmanna**

Lagt var til að stjórnarlaun aðalmanna yrðu 212.000 kr. á mánuði, að laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanns og að laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna. Auk þess var lagt

til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir verða fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern aukafund sem yrði haldinn umfram reglubundna stjórnarfundum skv. starfsfáætlun stjórnar. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

### **Stjórnarlaun varamanna**

Lagt var til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna verði að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Fundarstjóri fór yfir rökstuðning stjórnar á tillögunni og bauð fundarmönnum að tjá sig um tillöguna.

*Tillaga um breytt laun aðal- og varamanna var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.*

Ásdís Eva stjórnarformaður kom í púlt og svaraði spurningu Jónasar um afstöðu stjórnar til margfeldiskosningar. Hún sagði að engin fordæmi væri um margfeldiskosningar hjá lífeyrissjóðum, t.d. hjá Almenna lífeyrissjóðnum og Íslenska lífeyrissjóðnum væru meirihlutakosningar eins og hjá Frjálsa. Í hlutafélagalögum væri jafnframt ákveðinn þröskuldur fyrir margfeldiskosningar, þ.e. ef hluthafar væru fleiri en 200 þyrfti 1/10 hluthafa að óska eftir margfeldiskosningu til að hún væri tekin fyrir, en annars 1/5.

Hlé var gert á fundinum.

### **Niðurstaða talningar:**

Breytingartillaga á breytingartillögu 1.b á kosningarseðli nr. 5

- Já 4.407.928.960 (63,3%)
- Nei 2.553.410.190 (36,7%)

Breytingartillaga var því felld því hún fékk ekki 2/3 hluta greiddra atkvæða

Breytingartillaga á breytingartillögu 1.e á kosningarseðli nr. 6

- Já 4.403.535.765 (63,3%)
- Nei 2.557.803.385 (36,7%)

Breytingartillaga var því felld því hún fékk ekki 2/3 hluta greiddra atkvæða

Breytingartillaga á breytingartillögu 2.a á kosningarseðli nr. 7

- Já 4.393.934.590 (63,1%)
- Nei 2.567.404.560 (36,9%)

Breytingartillaga var því felld því hún fékk ekki 2/3 hluta greiddra atkvæða

Breytingartillaga á breytingartillögu 2.b á kosningarseðli nr. 8

- Já 4.389.541.995 (63,1%)
- Nei 2.571.797.755 (36,9%)

Breytingartillaga var því felld því hún fékk ekki 2/3 hluta greiddra atkvæða

Fundarstjóri kannaði hvort einhver væri mótfallinn því að þær breytingartillögur stjórnar sem eftir væru yrðu afgreiddar með handauppréttingu í ljósi þess að ekki hefðu verið umræður eða athugasemdir við þær, tillögur 1.a, 1c, 3, 4, 5, 6, 7. Enginn sjóðfélagi var því mótfallinn.

Sonja fór yfir tillögurnar sem eftir voru.

Fundarstjóri bar upp tillögurnar. Þær voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum með handauppréttingu.


## 7. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið og sleit hún fundi kl. 21:27.



**Gestur Jónsson**  
Fundarstjóri



**Unnur Elín Jónsdóttir**  
Fundarritari

